

Nd.

519. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá iðnaðarnefnd.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Þær innlendar tollvörutegundir, sem fluttar eru til útlanda. til sölu þar, skulu þó undanþegnar að öllu leyti því gjaldi, sem lög þessi ákveða.

G r e i n a r g e r ð.

Á iðnþinginu, sem haldið var á Akureyri síðastliðið sumar, var samþykkt tillaga í þessa átt, og samskonar óskir hafa borizt nefndinni frá fleirum.

Iðnaðarnefnd hefir athngað málið og telur fyllstu sanngirni að verða við þessum óskum. Nokkrir möguleikar munu nú orðið vera fyrir því að flytja út einstaka innlendar iðnaðarvörur, og væri í fyllsta máta ósanngjarnt, að ríkisvaldið setti stein í götu þess máls með því að tolla þennan útflutning.

Einn nefndarmaður (JakM) var fjarstaddur þegar málið var afgreitt, og er því ekki að fullu vituð afstaða hans.